

36. mál 2021-2022

Flutt af forsætisnefnd

**Þingsályktun um skipan framkvæmdanefndar  
kirkjuþings og erindisbréf nefndarinnar.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að kjósa framkvæmdanefnd skipaða þremur kirkjuþingsfulltrúum, tvo úr hópi óvígðra og tvo til vara, einn úr hópi vígðra og einn til vara með sama hætti. Formaður skal kosinn sérstaklega. Umboð nefndarinnar gildir til næsta reglulegs kirkjuþings 2022.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir eftirfarandi erindisbréf framkvæmdanefndar kirkjuþings:

**ERINDISBRÉF**  
framkvæmdanefndar kirkjuþings.

1. gr.

Framkvæmdanefnd annast, fyrir hönd kirkjuþings, eftirlit með fjárhag og rekstri Þjóðkirkjunnar og að ákvörðunum og áætlunum samþykktum af kirkjuþingi sé fylgt eftir.

Framkvæmdanefnd starfar að því markmiði að tryggja styrk og velgengi Þjóðkirkjunnar. Nefndin er ábyrg gagnvart kirkjuþingi og starfar í umboði þess.

2. gr.

Framkvæmdanefnd heldur að jafnaði mánaðarlega fundi.

Framkvæmdanefndin fundar, eftir þörfum með biskupi Íslands, forseta kirkjuþings og/eða öðrum þeim sem málefni gefa tilefni til.

Nefndin skilar árlega skýrslu til kirkjuþings eftir hvert starfsár nefndarinnar.

3. gr.

Telji framkvæmdanefnd kirkjuþings að fjármál og rekstur Þjóðkirkjunnar samræmist ekki ákvörðunum og samþykktum kirkjuþings skal nefndin tilkynna það forsætisnefnd kirkjuþings.

4. gr.

Meiri hluti framkvæmdanefndar kirkjuþings er bær til þess að rita firmað Þjóðkirkjan og gera bindandi löggæringa. Felst m.a. í því heimild til að rita undir öll

skjöl er varða fasteignir Þjóðkirkjunnar svo sem kaupsamninga, afsöl, leigusamninga, veðleyfi, skuldabréf og skiptasamninga.

Framkvæmdanefnd getur veitt framkvæmdastjóra rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar og tilteknum starfsmönnum Þjóðkirkjunnar heimild til að rita firmað Þjóðkirkjan.

#### 5. gr.

Framkvæmdanefnd kirkjuþings er kosin til eins árs. Hinu sama gegnir um varamenn.

Starfsreglur um þingsköp kirkjuþings gilda um hæfi nefndarmanna.

Framkvæmdanefndin ræður framkvæmdastjóra rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar og setur honum starfslýsingu.

Framkvæmdanefndin skal sjá til þess að ritaðar séu fundargerðir af fundum nefndarinnar og þær birtar á opnum vef kirkjunnar. Heimilt er nefndinni að halda sérstaka trúnaðarbók um málefni sem nauðsyn krefur að trúnaður ríki um.

Framkvæmdanefndin setur sér vinnureglur og verkferla.

Framkvæmdanefndin hefur aðgang að skjalasafni Þjóðkirkjunnar og getur óskað eftir upplýsingum frá rekstrarstofu til að geta rækt starf sitt.

Hver nefndarmaður skal undirrita ótímabundna trúnaðaryfirlýsingu um þagnarskyldu áður en hann tekur til starfa.

Erindisbréfið gildir frá 1. janúar 2022 til næsta reglulegs kirkjuþings 2022. Erindisbréfið skal endurskoða með reglulegum hætti. Gert er ráð fyrir að framkvæmdanefnd leggi til breytingar á erindisbréfi á fyrsta starfsári nefndarinnar.

*Samþykkt á kirkjuþingi 27. október 2021.*